

Nr. 38/1998.

Föstudaginn 23. janúar 1998.

**Eyrarbakkaheppur og
Fuglaverndarfélag Íslands**

(Jón Ólafsson hrl.)

gegn

Jóni Sigurðssyni

(Helgi Birgisson hrl.)

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 5. janúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1997, þar sem sóknaraðilum var gert að greiða varnaraðila málskostnað í máli, sem þá var fellt niður. Kæruheimild er í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af kröfu varnaraðila um málskostnað og þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði úr hendi varnaraðila svo og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðilum gert að greiða kærumálskostnað.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um niðurfellingu málsins er ekki til endurskoðunar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest niðurstaða hans um, að sóknaraðilum beri í sameiningu að greiða varnaraðila 120.000 krónur í málskostnað, en ekki verður mælt fyrir um, að ótilgreind fjárhæð leggist við þann málskostnað vegna virðisaukaskatts, svo sem héraðsdómari gerði, sbr. dóm Hæstaréttar 24. mars 1997 í máli nr. 119/1997.

Sóknaraðilar verða dæmdir til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Sóknaraðilar, Eyrarbakkaheppur og Fuglaverndarfélag Íslands, greiði í sameiningu varnaraðila, Jóni Sigurðssyni,

120.000 krónur í málskostnað í héraði svo og 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1997.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 19. desember sl., en það er höfðað af Jóni Sigurðssyni, Engjaseli 52, Reykjavík, gegn Eyrarbakka-herppi, Túngötu 40, Eyrarbakka, og Fuglaverndarfélagi Íslands, Hlemmi 3, Reykjavík, með stefnu, birtri 23. september 1997, og sakaukastefnu, birtri 7. október 1997. Málið var þingfest 30. september 1997.

I.

Í stefnu og sakaukastefnu eru gerðar þær dómkröfur, að samkomulag stefndu frá 16. júlí 1997 um friðland fugla og endurheimt votlendis á jörðun-um Flóagafli og Óseyrarnesi í Eyrarbakka-herppi verði dæmt ógilt, að því er varðar jörðina Flóagafli, og að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefndu var lögð fram greinargerð 11. nóvember sl. og krafist sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar að mati réttarins.

Í þinghaldi 16. desember sl. var af hálfu stefnanda fallið frá framan-greindri kröfu á hendur stefndu um ógildingu samkomulagsins, þar sem stefndu hefðu efnt þá skyldu, sem þeir væru krafðir um í málinu. Krafist er málskostnaðar af hálfu stefnanda úr hendi stefndu in solidum samkvæmt málskostnaðarreikningi. Þeirri kröfu er af hálfu stefndu mótmælt og krafist sýknu af málskostnaðarkröfu stefnanda. Krafist er málskostnaðar af hálfu stefndu úr hendi stefnanda. Munnlegur málflutningur fór fram um ágrein-ing málsaðila um málskostnað 19. desember sl., en leyst verður úr honum með úrskurði þessum.

II.

Í málaltilbúnaði stefnanda kemur fram, að stefnandi er eigandi jarðarinn-ar Hallskots að hálfu, en jörðin er hluti af Flóagafllstorfu í Eyrarbakka-herppi. Aðrar jarðir í Flóagafllstorfu eru Flóagafli, Þórðarkot, Gerðiskot og Valdkot. Ágreiningslaust er í málinu, að Flóagafllstorfan er í óskiptri sam-eign stefnanda og stefnda Eyrarbakka-herpps, en stefndi Eyrarbakka-herpp-ur á Flóagafli, Gerðiskot og Valdkot og hálf Hallskot á móti stefnanda.

28. febrúar 1997 var birt í Lögbirtingablaðinu auglýsing um aðalskipulag Eyrarbakka-herpps 1997–2017. Eins og fram kemur í auglýsingunni, var um að ræða tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi hreppsins. Frestur til að skila athugasemdum var til 28. apríl sama ár.

Í bréfi stefnanda til oddvita hreppsins 11. apríl 1997 mótmælti stefnandi skipulagstillögunni, þar sem gert væri ráð fyrir, að óskiptu landi Flóagafllstorfunnar væri ráðstafað sem „friðlandi“, en slík ráðstöfun myndi rýra notagildi og verðmæti jarðar stefnanda. Enn fremur var því mótmælt, að ekki hefði verið haft samráð við landeigendur. Á fundi hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps 27. maí sama ár voru athugasemdir stefnanda teknar fyrir. Í samþykkt, sem gerð var af því tilefni, kemur fram, að ekki var fallist á mótmæli stefnanda, þar sem þau væru algjörlega órökstudd. Var stefnanda tilkynnt um það með bréfi oddvita 19. júní sama ár. Í bréfinu kemur enn fremur fram, að oddvita hafi verið falið að krefjast þess, að þá þegar yrði landi Flóagafllstorfunnar skipt milli eigenda samkvæmt ákvæðum í landskiptalögum nr. 46/1941, en hreppsnefnd vænti skjótra viðbragða og í síðasta lagi fyrir 10. júlí 1997.

29. maí 1997 var af hálfu hreppsins óskað eftir því, að Skipulag ríkisins afgreiddi aðalskipulagstillöguna til staðfestingar ráðherra. Skipulagsstjórn fjallaði um tillöguna á fundi 11. júní sama ár. Var hún send umhverfisráðuneytinu til staðfestingar 12. júní sama ár og lagt til, að hún yrði staðfest. Aðalskipulag Eyrarbakkahrepps 1997–2017 var staðfest af umhverfisráðherra 8. júlí 1997.

16. júlí 1997 gerðu stefndu samkomulag um friðland fugla og endurheimt votlendis í Eyrarbakkahreppi. Í samkomulaginu segir, að friðlandið nái að stórum hluta yfir jarðirnar Flóagafll og Óseyrarnes og sé að langmestum hluta í eigu hreppsins. Fuglaverndarfélaginu sé kunnugt um, að Flóagafll sé í óskiptri sameign hreppsins og stefnanda. Hreppurinn hafi þegar óskað eftir landskiptum á sameign hreppsins og stefnanda, sem hreppurinn muni beita sér fyrir, að verði hraðað.

Með bréfi lögmanns stefnanda 6. ágúst 1997 var óskað eftir afriti af samkomulaginu frá 16. júlí, og var lögmanninum sent það með bréfi, dagsettu 22. ágúst s. á.

Stefna var gefin út 16. september 1997 til ógildingar á samkomulaginu, en málið var þingfest 30. sama mánaðar. Stefnan var birt fyrir formanni stefnda Fuglaverndarfélagi Íslands 23. september sama ár.

25. september 1997 gerðu stefndu nýtt samkomulag um friðland fugla og endurheimt votlendis í Eyrarbakkahreppi, en friðlandið, sem þar um ræðir, skyldi ná að hluta yfir jörðina Óseyrarnes. Með samkomulaginu var fyrri samkomulag frá 16. júlí sama ár fellt úr gildi.

Í sakaukastefnu, sem dagsett er 30. september sl., kemur fram, að stefnu hafi verið komið á framfæri við lögmann stefnda Eyrarbakkahrepps með beiðni um, að lögmaðurinn áritaði hana um birtingu, en skömmu fyrir þing-

festingu málsins hafi lögmaðurinn lýst yfir því, að hann myndi ekki árita stefnuna. Of skammur frestur hafi þá verið til að birta stefnuna með stefnuvottum, og því hafi sakaukamálið verið höfðað með sakaukastefnu, sem birt var 7. október 1997. Málið var þingfest 28. október sl. og óskað eftir sameiningu þess við aðalmálið.

III.

Ágreiningur málsaðila um málskostnað snýst einkum um það, hvort málshöfðun stefnanda hafi verið ástæðulaus. Í því sambandi er því af hálfu stefndu haldið fram, að lögmaður þeirra hafi tjáð lögmanni stefnanda í símtali 20. ágúst sl., að viðræður við stefnanda væru fyrirhugaðar í september í þeim tilgangi að ná samkomulagi við hann í málinu. Stefnandi hafi ekki enn svarað bréfi oddvita frá 19. júní sl., og engin formleg mótmæli hafi komið fram af hans hálfu um samkomulagið fyrr en í stefnu. Lögmaður stefnanda hafi komið munnlegum mótmælum á framfæri 10. september sl., en sama dag hafi verið ákveðið að halda sáttafund 19. september s. á. Hinn 24. september hafi lögmanni stefnanda verið tjáð, að samkomulagið frá 16. júlí yrði fellt úr gildi. Það hafi verið gert með nýju samkomulagi 25. september sl., en lögmanni stefnanda hafi verið sent afrit af því 29. september sl. Samkomulagið, sem málið hafi snúist um, hafi því verið fellt úr gildi fyrir þingfestingu málsins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að málshöfðun stefnanda hafi verið algjörlega þarflaus. Fyrir liggja staðfest aðalskipulag, sem geri ráð fyrir friðlandi fugla. Til þess að það verði framkvæmt, þurfi að ná samkomulagi við stefnanda eða beita úrræðum skipulagslaga. Stefnandi hafi hins vegar höfðað málið án þess að láta nokkuð á það reyna, hvort unnt væri að ná sáttum í málinu.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að stefndu hafi lýst yfir, áður en málið var höfðað, að samkomulagið frá 16. júlí sl. yrði fellt úr gildi.

IV.

Þar sem fallið hefur verið frá kröfum á hendur stefndu að öðru leyti en hvað málskostnað varðar, er mál þetta fellt niður.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, var samkomulag stefndu frá 16. júlí sl., sem var tilefni málshöfðunar stefnanda, fellt úr gildi, eftir að málið var höfðað með birtingu stefnu 23. september sl. Með vísan til þess og þeirra málsatvika, sem fram hafa komið í málinu, verður að fallast á, að stefnanda hafi verið rétt að leita víðeigandi réttarúrræða í tilefni umrædds samkomulags sem hafa óhjákvæmilega haft kostnað í för með sér fyrir hann. Þykir því rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað in solidum, sem telst hæfilega ákveðinn með tilliti til þeirra sjónarmiða, sem fram

hafa komið af hálfu stefndu, 120.000 krónur að viðbættum virðisaukaskatti, eins og krafist er.

Úrskurðurinn er kveðinn upp af Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Mál þetta er fellt niður.

Stefndu, Eyrarbakkaheppur og Fuglaverndarfélag Íslands, greiði stefnanda, Jóni Sigurðssyni, 120.000 krónur in solidum í málskostnað auk virðisaukaskatts.
